

Bráðabirgðalög

Nr. 21.

14. okt.

um

viðauka við lög nr. 24, 12. september 1917,
um húsaleigu í Reykjavík.

Vjer Christian hinn Tiundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta,
hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Låenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Þar eð stjórnarráð Ísland hefir borið upp fyrir Oss, að óhjákvæmilegt sje, vegna stöðugra vandræða með húsnæði til íbúðar í Reykjavík, að setja viðaukaákvæði við lög nr. 24, 12. september 1917, um húsaleigu í Reykjavík, er heimili bæjarstjórninni að taka til sinna umráða auðar íbúðir og ráðstafa þeim handa húsnæðislausu fólki, þá teljum Vjer brýna nauðsyn, að gefa út bráðabirgðalög um þetta samkvæmt 6. gr. stjórnarskipunarlaga 19. júní 1915.

Því bjóðum Vjer og skipum fyrir á þessa leið:

1. gr.

Bæjarstjórn Reykjavíkur skal heimilt að taka til sinna umráða auðar íbúðir og ráðstafa þeim til afnota handa húsnæðislausu fólki, enda komi fult endurgjald fyrir. Áður en þetta sje gjört, skal Húsaleigunefnd rannsaka málið og síðan úrskurða, hvort íbúð skuli tekin og ákveða leiguupphæð, tímalengd og annað, er þörf þykir að taka ákvörðun um og málsaðiljum kemur ekki saman um. Úrskurður Húsaleigunefndar er fullnaðarúrskurður.

Með sömu skilyrðum skal bæjarstjórninni heimilt að taka til sinna umráða annað ónotað húsnæði og útbúa það til íbúðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg 14. október 1918.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sigurður Jónsson,